

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2019

2020/EES/44/52

frá 29. mars 2019

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/974 frá 4. júlí 2018 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2018/974 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1365/2006 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 7j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1365/2006) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 R 0974**: Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/974 frá 4. júlí 2018 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 179, 16.7.2018, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/974, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 179, 16.7.2018, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.